

HVOR ER AÐ STJÓRNA?

UPPLÝSINGAR
OG TILMÆLI



ERU HLUTVERKIN SKÝR UM BORÐ?

Í almannaflogi hefur ekki mikið verið rætt um tvo flugmenn við stjórn flugvéla enda ekki sömu kröfur gerðar þar um líkt og þekktist t.d. í atvinnuflogi fjölstjórnunarflugvéla. Framfarir í áhafnarsamstarfi í fjölstjórnarflugvélum hafa verið miklar síðustu áratugi og mikið hefur verið ritað og rætt um hvernig best er að haga samstarfi áhafnar um borð. Í almannaflogi geta hinsvegar verið þær aðstæður að tveir flugmenn eru við stjórnvölinn og í því sambandi vill Samgöngustofa fara yfir nokkur mikilvæg öryggisatriði.

MIKILVÆGI SAMTALS - SAMRÁÐS

Það geta verið margar ástæður fyrir því að tveir flugmenn fari saman í flug í almannaflogi. Það getur verið flugkennsla eða t.d. að vinir skreppi saman í flugtúr.

Hætta getur skapast ef þess er ekki gætt að ræða saman fyrir flug um hver er ábyrgur fyrir fluginu og hver muni stjórna viðbrögðum við hættuástandi.

Með því að eiga samtal (e. departure briefing) fyrir flugtak er búið að ákveða hver er að stjórna ef upp kemur vandamál. Það að venjan sé að flugstjóri vélarinnar sitji vinstra megin er ekki endilega staðfesting á hver sé við stjórnvölinn. Dæmi um það er t.d. við flugkennslu.

Mikilvægt er að eiga samtal áður en lagt er í flug og það samtal gæti verið eitthvað á þessa leið:

Flugkennari og flugnemi eru á leið í flug.

FLUGKENNARI tjáir nemanda að ef upp kemur neyðaratvik fyrir eða eftir flugtak sé nemandi með stjórn flugvélarinnar **ÞANGAÐ TIL** flugkennarinn segir;

„ÉG HEF HANA“

eða;

„MY CONTROL“.

FLUGNEMINN skal þá svara til baka;

„ÞÚ HEFUR HANA“

eða;

„YOUR CONTROL“.

Hið sama á við þegar vinir fara saman í flug. Þá þarf að ákveða hver ber ábyrgðina og hver er að stjórna flugvélinni áður en lagt er af stað.

Njótið flugsins og góða ferð.